

Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands

Meðfylgjandi eru upplýsingar úr efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands í lok maí 2002 og til samanburðar í lok desember 2001 ásamt breytingum í maí 2002 og frá ársbyrjun 2002.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans dróst saman um 1,6 milljarða króna í maí og nam 36,4 milljörðum króna í lok mánaðarins (jafnvirði 449 milljóna Bandaríkjadala á gengi í mánaðarlok). Erlend skammtímalán bankans hækkuðu um 4,6 milljarða króna í mánuðinum og námu 15 milljörðum króna í lok hans. Þessar breytingar má rekja til lánahreyfinga ríkissjóðs. Gengi íslensku krónunnar styrktist í mánuðinum um 0,3%.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 4,6 milljörðum króna í maílok miðað við markaðsverð. Markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs í eigu bankans námu 1,7 milljörðum króna.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir stóðu í stað í maí og námu 78,7 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir breyttust lítið í mánuðinum og námu 5,5 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nettókröfur bankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir hækkuðu um 6,5 milljarða króna í maí og voru neikvæðar um 30,3 milljarða króna í lok mánaðarins, þ.e. nettóinnstæður ríkissjóðs námu 30,3 milljörðum króna.

Grunnfé bankans breyttist óverulega í maí og nam það 36,3 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabankans
Í milljónum króna

	Staða í lok tímabils		Hreyfingar 2002	
	Desember 2001	Mai 2002	Frá ára- mótum	Í mai
<u>Eignaliðir :</u>				
Gjaldeyrisforði	36.573	36.399	-175	-1.555
Markaðsskráð verðbréf	5.099	4.629	-470	7
Ríkissjóðs	2.144	1.675	-470	7
Annarra	2.954	2.954	0	0
Kröfur á innlánsstofnanir	54.053	78.746	24.694	160
Kröfur á aðrar fjármálastofnanir	22.774	5.572	-17.202	54
<u>Skuldaliðir:</u>				
Erlendar skuldir til skamms tíma	14.979	15.010	32	4.558
Seðlar og mynt	9.174	9.093	-81	240
Almennar innstæður innlánsstofnana	965	1.129	164	-2.330
Staða á bindireikningum innlánsstofnana	17.678	26.077	8.399	2.312
Almennar innstæður annarra fjármálastofnana	837	489	-348	102
Staða á bindireikningum annarra fjármálastofnana	1.288	1.222	-66	185
<u>Liðir til skýringar :</u>				
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans, nettó:	21.595	21.388	-206	-6.113
Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó:	-31.099	-30.283	816	6.484
Kröfur á aðra, brúttó	76.932	84.413	7.481	210
Grunnfé:	27.817	36.298	8.481	222

Skýringar:

Gjaldeyrisforði sýnir brúttóeign Seðlabankans í erlendum gjaldeyri. Markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs sýna eign bankans í spariskírteinum ríkissjóðs, ríkisbréfum og ríkisvixlum. Markaðsskráð verðbréf annarra eru húsbref og húsnæðisbréf. Kröfur á innlánsstofnanir eru brúttókröfur bankans á innlánsstofnanir. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir eru brúttókröfur bankans á þessar stofnanir. Erlendar skuldir til skamms tíma sýna skammtímalán sem Seðlabankinn tekur við og við, m.a. í því skyni að styrkja gjaldeyrisforðann. Seðlar og mynt sýna heildarfjárhæð seðla og myntar í umferð utan Seðlabanka. Almennar innstæður innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana eru innstæður þeirra á viðskiptareikningum í Seðlabankanum og bundnar innstæður innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana eru innstæður sem þeim er skylt að eiga í Seðlabankanum í samræmi við bindiskyldu sem bankinn ákveður. Neðanmáls eru sýndir fjórir liðir til skýringar, í fyrsta lagi nettógjalddeyrisstaða Seðlabankans sem sýnir erlendar eignir til skamms tíma að frádregnum erlendum skuldum til skamms tíma, í öðru lagi nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir, þ.e. skuldir þessara aðila við Seðlabankann að frádregnum innstæðum þeirra í bankanum, í þriðja lagi innlendar brúttókröfur á aðra en ríkið, og í fjórða lagi grunnfé bankans en til þess teljast seðlar og mynt í umferð og innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum.